

Dr. Hilmar J. Malmquist  
Eftirlitsráðgjafi Náttúruverndar ríkisins á SV-landi.  
Náttúrufræðistofa Kópavogs  
Digranesvegi 12, 200 Kópavogur  
Sími: 554 0630  
Fax: 554 0629  
Farsími: 854 5509  
Netfang: Hilmar.Malmquist@kopavogur.is

Náttúruvernd ríkisins  
Hlemmi 3  
Pósthólf 5324  
125 Reykjavík.

Kópavogi, 15. september 2000.

## SKÝRSLA/Vettvangsferð.

### Málefni: Tvöföldun Reykjanesbrautar.

Eftirlitsráðgjafi fór í vettvangsferð 6. september sl. ásamt Hilmari Finnssyni (Vegagerðinni) og þeim Eyjólfi Rafnssyni, Ara Benediktssyni og Mattiasi Loftssyni (verkfræðistofunni Hönnun hf). Ekið var eftir Reykjanesbraut og spáð í vegstæði á kaflanum milli Krýsuvíkurafleggjara og hringtorgs næri Leifsstöð. Einnig var litið á two hugsanlega efnistökustaði í hrauninu næri Reykjanesbraut.

Tilgangur ferðarinnar var að spá gróflega í atriði til leiðbeiningar sem snerta náttúruvernd sérstaklega vegna fyrihugaðrar framkvæmdar. Tillögur að matsáætlun á að skila til Skipulagsstofnunar mjög bráðlega. Engar teikningar, kort eða textadrög voru afhent eftirlitsráðgjafa og enda hugmyndir að framkvæmdinni ekki fullmótaðar fyrir ferðina.

### Lýsing á framkvæmd

Tveir kostir á vegstæði voru ræddir í ferðinni. Annar er að leggja nýja vegstæðið meira eða minna samsíða núverandi vegin. Á milli veganna yrði 11 m breið eyja með óröskuðu landi. Annar kostur er að hafa nýja veginn sjálfstæðan og laga hann meira eða minna að náttúrulegum aðstæðum í landinu. Fjarlægð nýja vegstæðisins frá núverandi vegin samkvæmt seinni kostinum yrði mismikil, á að giska allt að 100-150 m, en aldrei minni en 11 m. Sum staðar sæist nýji vegurinn ekki frá þeim gamla. Þetta á ekki við ef nýi vegurinn verður upplýstur með sama hætti og núverandi vegur.

Verði nýja vegstæðið laust og frítt frá núverandi vegin má gera ráð fyrir að heldur verði meira um skeringar en ella. Þær sem lega nýja vegstæðis liggar ekki nákvæmlega fyrir er ekki hægt að gera sér grein fyrir umfangi skeringa. Þær kunna við fyrstu sýn að verða umtalsverðar, einkum þær sem erfitt verður um vik að víkja vegstæðinu frá hraun- og klapparhólum.

Á þessu stigi liggja ekki fyrir áreiðanlegar tölur um efnisþörf í framkvæmdina. Heildarmagn mun þó geta orðið um 1.000.000 m<sup>3</sup>. Nokkrir efnistökustaðir virðast koma til greina, þ.á.m. Stapafells- og Rauðamelsnáma sem báðar eru starfræktar og samkvæmt svæðisskipulagi Suðurnesja (sbr. *Svæðisskipulag Suðurnesja 1987-2007. Verkfræðistofa Suðurnesja hf og Fjarhitun hr. 1989. 158 Bls.*). Í ferðinni voru hins vegar skoðaðir tveir aðrir efnistökustaðir sem Vegagerðin hefur augastað á, þ.e. gamla náman í Afstapahrauni við Kúagerði og aflögð náma í Arnaseturshrauni í krikanum milli Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegar (Mynd 1. og 2.). Hvorug náman er merkt sem efnistökustaður á gildandi skipulagi viðkomandi sveitarfélaga.

## Umsögn

### Vegstæði

Eftirlitsráðgjafi telur ráðlegt að bjóða upp á báða fyrrgreinda möguleika í útfærslu á vegstæðinu. Erfitt er að gera sér grein fyrir umhverfisáhrifum hvors korts um sig þar til lega nýja vegstæðisins liggur fyrir. Forðast ber skeringar í hraun- og klapparhóla sem eru tölувert áberandi á köflum eftir endilangri leiðinni. Þetta er hægt að gera m.a. með því sneiða framhjá helstu hólunum.

Eftirlitsráðgjafi telur brýnt að efni í vegstæðið verði aðflutt og að ekki verði rutt upp úr körnum og veghelgunarsvæðum.

Eftirlitsráðgjafi telur að huga þurfí sérstaklega að legu fyrirhugaðs vegstæðis og forða því frá náttúrumínjum á eftirfarandi stöðum:

- a) Við kapelluna í Kapelluhrauni (Nýjahrauni, menningarminjar)
- b) Í Straumsvík austan við Reykjanesbraut gegnt afleggjaranum að álverinu (tjarnir á náttúrumínajskrá (nr. 111 og 112) ásamt menningarminjum)
- c) Í Hvassahrauni austan við Reykjanesbraut gegnt eyðibýlinu Hvassahrauni. Hvassahraunkatlar (hraundrýli) á náttúrumínjaskrá (nr. 137).

Það er mat eftirlitsráðgjafa að við Afstapapúfu (þ.e. hornið á Afstapahrauni við Kúagerði) sé skárti kostur að leggja nýja vegstæðið vestan við núverandi veg á raskaða svæðinu sjávarmegin, í stað þess að sneiða af Arnarstapapúfunni. Þetta álit byggist m.a. ákvæði í 37.gr. náttúruverndarlaga (nr. 44/1999) þar sem fjallað er um mikilvægi þess að hlifa nútímahraunmyndunum. Þrátt fyrir að búið sé að róta víða í Afstapahrauni stendur úthorn þess nær óhreyft og setur það áberandi svip á landslagið. Svæðinu sjávarmegin við núverandi veg hefur verið umbylt með ýmsum hætti og litil eftirsjá m.t.t. náttúruverndar að leggja það undir veg. Þó er vakin athygli á tjörn einni fast upp Reykjanesbraut Stekkjarvíkurmegin (Mynd 3.), en líklega mun hún raskast ef vegstæðið fer þar um. Lífríki tjarnarinnar ætti skilyrðislaust að rannsaka áður en lengra er halddið. Lífríki tjarna á þessum slóðum er um margt sérstakt eins og rannsóknir hafa staðfest, þ.á.m. rannsóknir á vegum Veiðimálastofnunar (sbr. Náttúrufræðingurinn. 67: 189-199.).

Þá vekur eftirlitsráðgjafi athygli á að gegnt afleggjaranum að Vogum, nærrí Hrafnaðará-Snorraðatjörnum, hefur verið hugað að lagningu svokallaðrar Magnesiumlínu sem kann að þrengja að nýju vegstæði (sbr. skýrslu eftirlitsráðgjafa dags. 13. júní 1997).

Í máli Hönnunar kom fram að verkfræðistofan muni standa að úttekt á gróðurfari í vegstæðinu. Slik athugun er sjálfsögð og ætti verkfræðistofan að leita faglegs álits hjá Náttúrufræðistofnun Íslands um rannsóknina. Sama gildir um athugun á fuglalifi. Leita ætti álits sérfróðra hjá Náttúrufræðistofnun Íslands um tilhögun athugunarinnar.

### Efnistökustaðir

Mælst er eindregið gegn því að ráðast í efnistöku í aflögðu námunni í Arnarseturshrauni. Svæðið er að ná sér eftir margra ára hvíld og ýmis gróður að skjóta kolinum upp úr námugólfinu, m.a. mosi og krækilyng. Fuglalif virðist einnig umtalsvert á svæðinu.

Eftirlitsráðgjafi telur að vinnsla þar stríði gegn sérstöku verndarákvæði skv. lið a) í 37. gr. náttúruverndarlaga (44/1999).


Eftirlitsráðgjafi telur að í námunni við Kúagerði megi vinna eithvað efni en það er þó bundið því að um snyrtingu og lokafrágang á efnistöku á staðnum sé að ræða. Mikil óvissa ríkir um magn efnis sem kann að falla til við slíka efnistöku.

Langvænsti kosturinn fyrir enfistöku er að nota námur sem eru starfræktar samkvæmt skiðulagi. Auk Stapafells- og Rauðamelsnámu koma ýmsar aðrar námur til greina, t.d. við Óbrynnishóla, í Vatnsskarði og víðar.

Umsögn þessi er gerð með fyrirvara vegna skorts á nánari gögnum um framkvæmdina.

Minnt er á að umsögn þessi þarf ekki að jafngilda álið Náttúruverndar ríkisins.


Virðingarfyllst,

  
Hilmur J. Malmquist  
Hilmur J. Malmquist eftirlitsráðgjafi Náttúruverndar ríkisins á SV-landi.


Afrit sent:

Hilmari Finnssyni. Vegagerðin. Borgartúni 5-7. 10 Reykjavík.  
Ejjólfí Rafnssyni. Hönnun hf. Síðumúla 1. 108 Reykjavík.  
Skipulags- og Bygginganeftnd Vatnsleysustrandarhrepps. Iðndal 2. 190 Vogar.  
Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar. Strandgötu 6. 220 Hafnarfjörður.  
Skipulags- og Byggingarnefnd Reykjanesbæjar. Tjarnargötu 12. 230 Keflavík.  
Umhverfisnefnd Grindavíkur. Víkurbraut 62. 240 Grindavík.






Mynd 1. Arnarseturshraun. Gömul náma suðvestan við Snorrasaðatjarnir eftir margra ára hvíld. Mosi, krækilyng o.fl. skýtur kolli upp úr námugólfinu.



Mynd 2. Mosavaxið námugólf í Arnarseturshrauni.



Mynd 3. Tjörn við Reykjanesbraut í Stekkjarvík.